



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, [almannavarnir.is](http://almannavarnir.is), stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 29.04.2020

Kl.: 16:15

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis  
/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

**Framvindan**

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19. Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](http://Embættis landlæknis), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](http://Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild) og upplýsingasíðunni [www.covid.is](http://www.covid.is)

**Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland**

Eitt greindist hér á landi síðastliðinn sólarhring. Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.797, samtals 131 eru í einangrun og 1.656 hafa náð bata. Alls eru 1.455 innanlandssmit. Samtals hafa um 47.573 sýni verið tekin, 508 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Skv. tölum Landspítalans 29/4](#) eru 6 innlagðir á Landspítala með staðfest COVID-19 smit, enginn er á gjörgæslu eða í öndunarvél. 129 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 6 börn í eftirliti Barnaspítala Hringsins. Þá hefur 1695 einstaklingum batnað og 93 einstaklingar hafa verið útskrifaður af spítalanum. Enginn starfsmaður er í sóttkví eða einangrun.

**Upplýsingamiðlun og verkefni**

**Upplýsingafundur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna COVID-19 miðvikudagur 29. apríl.**

**Þátttakendur: Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir**

**Gestur fundarins: Svanhildur Þengilsdóttir frá Garðabæ. Velferðarþjónusta.**

Tveir einstaklingar greindust sl. sólarhring, báðir á höfuðborgarsvæðinu. Tekin voru um 500 sýni hérlendis. Enginn er nú innlagður á Akureyri vegna COVID-19. Þórólfur vakti athygli á því að þau sem hafa greinst hjá Íslenskri erfðagreiningu eru einkennaminni eða einkennalaus. Þau fá þrátt fyrir það sömu meðferð og þau sem greinast hjá Landspítala, einangrun og smitvakningu. Mat sóttvarnalæknis er sama og sl. daga. Reiknað er með áframhaldandi greiningum. Vonandi koma ekki upp hópsýkingar. Aflétting takmarkana 4. maí er næst á dagskrá. Í [auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins](#) má finna allar nánari upplýsingar um hvað felst í afléttingunni. Heilbrigðisráðuneytið hefur umsjón með að veita undanþágur frá samkomutakmörkunum en undanþágur frá sóttkví berist til [svl@landlaeknir.is](mailto:svl@landlaeknir.is). Mjög mikilvægt er að næstu mánuði viðhafi allir einstaklingsbundnar sýkingavarnir, þ.e. handþvott, spritt, öfluga yfirborðshreinsun. Einnig forðast margmenni. 2 metra reglan verður ekki afnumin á næstunni en með afléttingu takmarkana verður erfiðara að framfylgja henni. Samt sem áður verður hver og einn að gæta að sínu öryggi og halda þessari reglu eins vel og kostur er. Þannig getur fólk komið í veg fyrir að faraldurinn taki sig upp aftur. Þórólfur sagði einnig frá fjarfundi heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í dag þar sem kynntar verða aðgerðir við afléttingu samkomutakmarkana á svæðinu. Hann sagði einnig frá vikulegu yfirliti heilbrigðisþjónustunnar sem sýnir að álag hefur minnkað.

**Svanhildur Pengilsdóttir**, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu í Garðabæ kynnti leiðbeiningar sem komu út í vikunni fyrir [velferðarþjónustu sveitarfélaga um tilslakanir frá samkomubanni og sóttvarnarráðstöfunum vegna COVID-19](#). Þverfaglegur hópur ritaði leiðbeiningarnar sem eru til þess ætlaðar að verja þá sem eru í áhættuhópum gegn smiti og starfsmenn í þjónustunni. Fjallað er um velferðarþjónustuna og þjónustu innan sveitarfélaga fyrir fatlað fólk og eldri borgara. Er þetta fjölbreytt þjónusta þar sem þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum stað þar sem leiðbeiningarnar eru aðlagðar. Svanhildur hvetur alla til að hlaða niður [C-19 Rakning, smittrakningarappinu](#) enda verður það áfram afar mikilvægt við að hjálpa fólki að muna ferðir sínar ef kemur upp smit.

**Víðir Reynisson**, sagði frá auglýsingu sem er í vinnslu varðandi ferðalög innanlands í sumar, tjaldstæði og fleira. Er þær áætlaðar á næstu dögum. Einnig er von á leiðbeiningum til fólks sem hefur verið í verndarsóttkví vegna undirliggjandi sjúkdóma. Væntanlega verða sundlaugar og líkamsræktarstöðvar inni í næsta skrefi samkomutakmarkana.

## Annað:

**Vinumálastofnun:** Vinnumálastofnun mun opna fyrir umsóknir um greiðslur í sóttkví þann 5.mái sem þýðir að þá geta atvinnurekendur sótt um styrk vegna launagreiðslna fyrir sitt starfsfólk þar sem Landlæknir hefur fyrirskipt fólki að fara í sóttkví. Nánari upplýsingar um það ferli allt er að [finna hér](#).

## Heilsuvera – netspjall

Til samanburðar má nefna að um miðjan mars voru 800-900 netspjöll yfir daginn.

Nú er um þriðjungur netspjalla varðandi COVID-19.


21. apríl	22. apríl	23. apríl	24. apríl	25. apríl	26. apríl	27. apríl	28. apríl
130	105	100	106	64	65	134	136

## Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu

<https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar> Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Upplýsingar á vefnum eru á níu tungumálum. Nú hefur tölfræðisiða covid.is verið heimsótt rúmlega 4,9 milljón sinnum.

### Heimsóknir á tölfræðisiðu Covid.is



**4.256.000**

Íslenska síðan frá upphafi



**603.000**

Enska síðan frá upphafi



**16.000**

Pólska síðan frá upphafi

Land	Heimsóknir á tölfræðisiðu
Ísland	4.300.000
Bandaríkin	125.000
Bretland	46.000
Þýskaland	45.000
Kanada	32.000
Svíþjóð	30.000
Noregur	25.000
Danmörk	24.000
Pólland	20.000
Önnur lönd (210)	228.000
	4.875.000

## Nýjar og uppfærðar leiðbeiningar

- [Leiðbeiningar fyrir velferðarþjónustu](#)
- [Leiðbeiningar v/undanþágur frá sóttkví](#)
- [Leiðbeiningar. Viðmið fyrir húsnæði í sóttkví](#)
- [Leiðbeiningar til einstaklinga sem koma til Íslands vegna jarðarfara ástvina](#)
- [Tilslakanir á takmörkunum 4. maí – gátlisti fyrir rekstraraðila sem vinna með börnum og unglingum](#)

## Framundan

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður fimmtudaginn 30. apríl 2020 kl. 9:00.
- Frá og með 4. maí verður **Stöðuskýrsla almannavarna – Neyðarstig vegna COVID-19** aðgengileg á vef [almannavarna](#) og [embættis landlæknis](#). Hún verður ekki send í tölvupósti. Skýrslan verður til að byrja með gefin út síðdegis 1-2 sinnum í viku, eða eftir þörfum.

## Staða mála


### Ísland - staðan í dag



## COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

### Heildartölur




Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru tíu látin.

### Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




## Fjöldi smita



Download data

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í síðu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

## Fjöldi sýna




## Fjöldi smita eftir kyni



Download data

## Uppruni smits



Download data

Grafið veitir upplýsingar um hvar fólk smitast en ekki hver smitaði það.

## Smit / sóttkví eftir landshlutum




	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1311	410
Suðurnes	77	30
Suðurland	178	70
Austurland	8	15
Norðurland eystra	46	29
Norðurland vestra	35	15
Vestfirðir	97	71
Vesturland	42	24
Óstaðsett	2	51
Útlönd	1	0


Download data

## Fjöldi smita á hverja 1.000 íbúa eftir aldri og kyni

- Uppfært á mánudögum



## Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




## Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




57%

þeirra sem hafa greint voru í sóttkví




## Hlutfall smita af fjölda sýna



Download data

## Fjöldi smita á hverja 1.000 íbúa eftir aldri og kyni

- Uppfært á mánudögum



## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 3,132,363 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 217,947 einstaklingar** eru látnir. Þá hafa **938,037 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)